

Verkefnavínnna Fríðarlundur

Október 2011

Ég sjálfur / vínátta - samvinna / hjálpsemi

Verkefni 1: Setjast niður í hópunum, velja nafn á hópinn. Förum yfir nöfnin okkar, nöfn foreldra og systkina. Hvar eigum við heima. Hópur á draumalundi skoðar sig í spegli, veltum fyrir okkur hvað við erum stór, hvernig hárið okkar er á litinn, augun. Skoðum andlitin og veltum fyrir okkur hvernig við erum í útliti. Hópur á heimastofu teiknar mynd „ég sjálfur“, merkir með nafni og dagsetningu og hengir uppá vegg. Hóparnir skipta svo um svæði og hlutverk. Setjumst svo niður í hópunum okkar, förum yfir það sem við gerðum og þökkum fyrir vinnustundina. (*Ég sjálfur*)

Verkefni 2: Setjumst niður í hring, og reynum að muna hvað hópurinn okkar heitir. Tölum um vínáttuna, hvernig er góður vinur. Hvernig er maður góður og hvernig er maður vondur. Hvað gerir maður ef einhver er að gráta? Setjum upp sviði og spyrjum þau hvernig okkur líður. (Leiður, reiður, glaður, hissa, hræddur og fl.) Líka hægt að fá spjöld hjá Auði. Leikur að eigin vali, æfum okkur að leika fallega saman og nota hugtakið vinur. (*Vínáttan*)

Verkefni 3: Setjumst niður í hring og reynum að muna nafnið á hópnum okkar. Spjall um andlitið okkar, hvar eru augun, hvar er nefið, munnurinn, eyrun, hárið og fl. Hvað erum við með mörg augu og fl. Búum til andlit með því sem okkur dettur í hug. T.d hringur (andlit), bandspottar (hár), Tölur (augu), kork (nef), Rautt efni (munnur). Hengjum upp á deildina okkar. Þökkum fyrir vinnustundina og förum yfir það sem við vorum að gera. (*Ég sjálfur*)

Verkefni 4: Setjumst í hring og tölum um hjálpsemi. Hvernig getum við hjálpað öðrum. Komum með dæmi og fáum þau til þess að segja okkur hvernig þau gætu hjálpað. Eins og t.d hvað gerum við ef einhver dettur úti og meiðir sig, ef einhver er búin að týna dótinu sínu, ef einhver getur ekki opnað hurð einn, ef einhver er svangur o.s frv. Börnin á heimastofu líma pappír á litla borðið og mála mynd saman með vatnslitum. Börnin sem eru á draumalundi lita saman mynd með vaxlitum (*hjálpsemi/samvinna*).

Hópur 4	Hópur 5
Bjarki Steinn	Jökull
Arnar Bjarki	Birgitta Sóley
Guðrún Þorbjörg	Embla
Kristín Birta	Emil Gauti
Ragnheiður Ásta	Júlía Klara

